

AÐALFUNDUR

HLUTVERK FUNDARSTJÓRA

Fundarstjórn er í höndum fundarstjóra.

Verksvið fundarstjóra er vítt og mismunandi eftir eðli funda. Fundarstjóri er sá einstaklingur á hverjum fundi sem mest hvílir á. Það ræðst iðulega af starfi hans og framkomu hvort fundurinn verður árangursríkur eða árangurslítill.

Eftirtalin atriði þarf fundarstjóri að jafnaði að hafa í huga:

- Fundarstjóri þarf að kunna góð skil á lögum félagsins. Þau þurfa að vera tiltæk á öllum fundum ef leysa þarf úr ágreiningi.
- Fundarstjóri fer yfir dagskrá ef sá sem setti fundinn gerði það ekki.
- Fundarstjóri verður að vera röggsamur og ákveðinn. Sé hann óákveðinn og hikandi tapar hann trausti fundarmanna.
- Fundarstjóri gefur ræðumönnum orðið og stjórnar afgreiðslu mála.
- Fundarstjóri þarf að vera réttlátur í stjórn sinni. Hann þarf að varast að láta fundarmenn hafa sjáanleg áhrif á gerðir sínar, en verður þó að taka réttmætar ábendingar til greina.
- Fundarstjóra ber að gæta hlutleysis í störfum sínum. Þurfi hann að taka þátt í umræðum skal hann kalla til aðstoðarfundarstjóra, hafi hann verið kjörinn, eða skipa annan fundarstjóra í sinn stað með samþykki fundarins. Sá stýrir fundi á meðan viðkomandi mál er á dagskrá eða til loka fundarins.
- Fundarstjóri tekur að jafnaði ekki þátt í opinberum atkvæðagreiðslum á fundinum. Honum er þó að sjálfsgöðu heimilt að greiða atkvæði því að ekki er hægt að krefjast slíkrar skerðingar á félagsréttindum við það að menn taki að sér fundarstjórn.
- Fundarstjóra ber að halda uppi reglu á fundinum. Ef ókyrrð er og fundarmenn virða ekki áminningar fundarstjóra hefur hann vald til að fresta fundi þar til kyrrð hefur komist á eða jafnvel að slíta fundi.
- Fundarstjóri lýsir fundarslitum þegar dagskrá hefur verið tæmd eða ef formaður slítur fundi. Fundarstjóri undirritar fundargerð ásamt fundarritara.
- Fundarstjóra ber að gæta þess að fundur sé innan þess tímaramma sem auglýstur var. Fundarstjóri þarf að vera ákveðinn í tímastjórnun og gæta þess að umræður haldist við málefni fundar eins og kostur er.